DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Nr. 2880 Síðan 1968 59. árgangur

Fimmtudagur 26. nóvember 2026

Sími 482 1944 · dfs@dfs.is · www.dfs.is
Gagnheiði 17 · 800 Selfoss



Leituðu að hjörtum í nærumhverfinu

Stundum þurfum við aðeins að staldra við til að sjá fegurðina í því smáa. Nemendur í gönguáföngum FSu hafa undanfarnar vikur leitað að hjörtum í umhverfi sínu og um leið æft sig í að njóta augnabliksins. Nánar á bls. 4.



Hulduheimar fyrstir leikskóla í Árborg til að hljóta ART-vottun

Leikskólinn Hulduheimar á Selfossi hefur fyrstur leikskóla í Árborg hlotið ART-vottun frá ART-teymi Suðurlands. Vottunin er viðurkenning á faglegu starfi leikskólans, en ART hefur verið hluti af starfsemi hans í um 16 ár.

Fulltrúar ART-teymisins Suðurlands heimsóttu Hulduheima á dögunum og afhentu Kristrúnu leikskólastjóra vottunina við hátíðlega athöfn. Heimsóknin var einnig í tilefni 20 ára afmælis leikskólans og færði teymið honum innrammaða viðurkenningu og uppfært kennsluefni.

ART (Aggression Replacement Training) er þjálfunaraðferð sem miðar að því að efla félagsfærni, sjálfstjórn og siðferðisþroska barna. Meðal annars læra börn að takast á við tilfinningar, leysa ágreining og eiga jákvæð samskipti.

Vottunin byggir á ákveðnum gæðaviðmiðum, meðal annars um menntun starfsfólks, þátttöku elstu barna í 12 vikna ART-þjálfun og aðferðina í daglegu starfi leikskólans.

Árlegu jólatónleikar kórs Menntaskólans að Laugarvatni

Jólastemmningin var allsráðandi í Skálholtskirkju síðustu helgi þegar kór Menntaskólans að Laugarvatni hélt sína árlegu jólatónleika. Jólatónleikar kórs ML hafa verið fastur liður í lok nóvembermánaðar í þó nokkur ár og hefur aldrei mistekist að koma nemendum og gestum tónleikanna í jólaskap fyrir jólafrí.

Dagskrá kórsins var fjölbreytt og innihélt ýmis hátíðarlög sem flest okkar ættu að kannast við. Ýmsir krakkar innan kórsins tóku af skarið og sungu einsöng með prýði og skipaði hluti nemenda úr kórnum litla hljómsveit sem lék undir í nokkrum lögum.

Kórinn er undir stjórn Stefáns Þorleifssonar. Stefán hefur síðustu tvö ár náð að setja sinn svip á kórstarfið og hefur allur undirbúningur tónleikanna verið nýttur í haust á kóræfingum. Kórinn samanstendur af 78 efnilegum söngvurum. Margrét Elín Ólafsdóttir er verkefnastjóri kórsins og hefur stýrt bæði skipulagi og fjáröflun tónleikanna ásamt kórstjórn sem fimm nemendur kórsins sitja í.

Jólatónleikar helgarinnar sýndu glöggt að kórstarfið er í öruggum höndum og heldur áfram að blómstra. Það má með sanni segja að hátíðartónleikarnir hafi verið fallegur fyrirboði þess sem koma skal. *SEG*



Kór menntaskólans að Laugarvatni. Mynd: Pálmi Hilmarsson.





AÐALSKOÐUN
Er kominn tími á skoðun?
Eyravegur 51, 800 Selfoss
Sími 590-6996


Dagatal Búsögu 2027
með fallegum myndum og fræðandi texta. Verð 3.500 kr. Greiðslubeiðni birtist í heimabanka eftir að sending fer af stað. Sendum hvert á land sem er og kostnaður aðeins burðargjald samkvæmt gjaldskrá Íslandspósts.
busaga@simnet.is - s 8949330

Íslenskt handverk - gjöf til framtíðar
Laufabrauðsjárn og kleinujárn
úr smiðju Björns Jensen
Í yfir hálfa öld hef ég smíðað vönduð laufabrauðsjárn og kleinujárn. Nú eru þessi fallegu handsmíðuðu járn fáanleg á ný. Járnin eru smíðuð úr kopar og koma í fallegum öskjum.
Tilvalin í jólabaksturinn
eða sem eiguleg jólagjöf.

Laufabrauðsjárn 30.000 kr.
Kleinujárn 25.000 kr.
Verið velkomin í Háheiði 6.
Sendi um land allt.
Björn Jensen · Sími 862 7530

Við prentum ljósmyndir
honnun.prentmetoddi.is
Við prentum ljósmyndir í öllum algengustu stærðunun.
SENDUM HVERT Á LAND SEM ER

prentmet ODDI
heildarlausnir í prentun

Ljósadagurinn á Laugarvatni

Næsta laugardag verður skammdegið lýst upp á Laugarvatni. Það er löng hefð fyrir því að hefja aðventuna í dalnum með ljósadeginum. Þorpsbúar hengja upp jólaljósin, gengið verður um skóginn með luktir, jólatré tendrað í Bjarnalundi og kertum fleytt á vatninu.

Í áraraðir hefur þessi dagur skapað góðar minningar sem tengjast samveru, sköpun, fegurð, góðgæti, söng og útiveru. Börn og fullorðnir setja upp söluborð á Jólamarkaði Kvenfélagsins í Héraðsskólanum og varla hægt annað en að komast í jólaskap.

„Maðurinn er landkönnuður í heimi hins breytilega og síkvika ljóss“ (Auður Ava, Dýralíf).

Íbúar og brottfluttir, gestir og gangandi, sjáumst!

F.h. Kvenfélags Laugdæla,
Freyja Rós Haraldsdóttir

Dagskrá Ljósadagsins á Laugarvatni 28. nóvember 2026:

Kl. 13:00 opnar jólamarkaður Kvenfélags Laugdæla í Héraðsskólanum. Þar verður líka selt kaffi/súkkulaði og gómsætar rjómavöfflur, markaðs- og jólastemning. Lionsklúbburinn í Laugardal verður með blóðsykursmælingu og selur flotkerti. Kl. 16:30 Luktarganga frá Héraðsskóla í Bjarnalundi í samvinnu við Planet Laugarvatn. Kl. 17:00 Jólaljósin tendruð á jólatré Lions í Bjarnalundi og börnin syngja jólalög. Kl. 17:30 verður gengið niður að vatni og hin árlega kertafleyting fer fram.

Fontana býður upp á heitt kakó og piparkökur.



Aðventumarkaður Einingar að Laugalandi í Holtum

Kvenfélagið Eining í Holtum stendur fyrir árlegri aðventuhátíð / aðventumarkaði fyrsta sunnudag í aðventu, þann 29. nóvember nk., kl. 13:00 – 16:00, að Laugalandi í Holtum.

Á hátíðinni gefst frábært tækifæri til að versla jólagjafir og jólagóðgæti beint af handverksfólki og rithöfundum, s.s. flatkökur, rúgbrauð, ullarvörur, tertur, skart, nýútkomnar bækur, villigæsabringur, liháískar hátíðarkökur og margt fleira.

Glæsileg hlutavelta (engin núll!) og kaffisala kvenfélagsins, lifandi tónlistarflutningur, upplestur, andlitsmálun, barnahorn og mögulega líta jólasveinarnir við þegar kveikt verður á jólatrénu við Laugalandsskóla.

Aðventuhátíðin að Laugalandi er orðin fastur liður í jólaundirbúningi margra Sunnlendinga, enda gefst þarna gott tækifæri til að eiga góða stund með fjölskyldu og vinum í aðdraganda jóla um leið og gestir leggja góðum málefnum lið.

Enginn aðgangseyrir og allir hjartanlega velkomnir!





Nýr Jólamarkaður við Brúarstræti á Selfossi

Jólamarkaður við Brúarstræti verður haldinn allar fjórar aðventuhelgarnar og er markmiðið að skapa notalega jólastemningu í miðbæ Selfoss þar sem íbúar og gestir gegta komið saman, notið aðventunar og verslað fallegar vörur frá fjölbreyttum söluaðilum,

Við erum tvær vinkonur Þórunn Lilja og Sara Dögg sem stöndum bakvið þetta framtak.

Hugmyndin kviknaði út frá löngun okkar til að sjá lí´flegan og skemmtilegan jólamarkað á Selfossi.

Viðtökurnar hafa heldur betur farið fram úr okkar björtustu vonum! Fjöldi umsókna hefur borist frá söluaðilum og fyrirtækjum, og áhuginn sýnir okkur að mikil eftirspurn er eftir svona viðburði á svæðinu og margir búnir að segjast hlakka til að koma á jólamarkað og segja loksins!

Markaðurinn verður innandyra og verður meðal annars boðið uppá fjölbreyttan varning, jólagjafir og heitt kakó. Við vonumst til að skapa fallega jólahefð sem geti vaxið og dafnað með árunum.

Jólamarkaðurinn við Brúarstræti er á samfélagsmiðlum svo hægt er að hafa samband þar og við veitum allar frekari upplýsingar með glöðu geði.

Með aðventujólakveðju,
Þórunn Lilja og Sara Dögg



HÚSASMIÐJAN blómaval

AÐVENTU HÁTÍÐ

Fimmtudag til sunnudags

Aðventuhátíð
OPIÐ
SUNNUDAG
Á SELFOSSI
11-15



25%

Allar seríur og jólaskraut

Jólaseríur · Skreytingarefni · Jólastyttur · Jólaservíettur
Jólaskraut · Kerti · Jólaljós Jólapappír · Gervijólatré

Gildir ekki af ferskvöru og lifandi jólatrjám

SKANNAÐU KÓÐANN
Skoðaðu öll tilboðin

Jólastjarna
Stór og falleg
10327510
1.990 kr
2.990 kr

Aðventuljós
7 ljósa hvítt eða rautt
14500401-2
2.618 kr
3.490 kr

Gerviljólatré í sérflokki
25%
Þétt og vönduð jólatré, stærðir: 150-270 cm.
Sjáðu úrvalið á husa.is

Afsláttur gildir ekki af tilboðsvörum og „Lægsta lága verði Húsasmiðjunnar".
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

Það sem kostar ekki krónu

Undanfarnar vikur hafa nemendur í gönguáföngum FSU fengið einfalt verkefni – að hafa augun opin fyrir hjörtum í umhverfinu í tímum. Hjartalaga laufblað, steinn, pollur eða eitthvað sem mörg myndu ganga fram hjá án þess að veita því athygli.

Afraksturinn hefur ekki látið á sér standa. Vökulum augum fjölgar, samtöl kvikna og forvitnin fær að njóta sín – en hvenær hættum við eiginlega að taka eftir?

Við erum sífellt á leiðinni eitthvert, með augun á skjánum, AirPods í eyrunum og hugann við næsta verkefni. Förum sömu leiðina dag eftir dag á sjálfstýringu án þess að sjá fegurðina í litlu hlutunum eða gefa huganum hvíld frá sjálfsköpuðu áreiti.

Á sama tíma leitum við leiða til að bæta heilsuna, draga úr streitu og auka vellíðan. Kaupum námskeið, öpp, vítamín, auka duft í dollu og alls konar lausnir, stundum rándýrar skyndilausnir, þegar eitt einfaldasta bjargráðið er mögulega rétt fyrir utan útidyrnar okkar allra.

Rannsóknir benda til þess að útivera getur haft jákvæð áhrif á líkamlega, andlega og félagslega vellíðan. Japanir hafa meira að segja sérstakt hugtak yfir það að njóta náttúrunnar með skynfærunum, shinrin-yoku, eða skógarböð. Í skógarbaði snýst málið ekki um að ganga lengra eða hraðar, safna skrefum eða muna að setja Strava í gang, heldur að staldra við, horfa, hlusta, finna og njóta. Að vera!

Núvitund er ekkert nýtt af nálinni, þótt við séum farin að setja hana í fínar umbúðir. Að staldra við og njóta hefur alltaf verið til. Kannski erum við bara orðin svo upptekin af því að leita að nýjum lausnum að við gleymum þeim einföldustu – sérstaklega þeim sem kosta ekki krónu.

Hvað ef við gefum okkur 15 mínútur á dag í dagsbirtu, án skjás og heyrnartóla? Bara til að vera á staðnum, horfa í kringum okkur og leyfa skynfærunum að njóta. Vera í meðvitund!

Það er einmitt hugsunin á bak við litla verkefnið í gönguáföngunum. Ekki að finna sem flest hjörtu, heldur að æfa sig í að taka eftir og sjá fegurðina í því sem annars fer fram hjá okkur.

Kannski þurfum við ekki alltaf eitthvað nýtt til að líða betur, heldur einfaldlega að nýta betur það sem við höfum nú þegar.

Það kostar ekki krónu.

Sabína Steinunn Halldórsdóttir
M.ed.í þrótta- og heilsufræðingur FSU

Í nóvember leggjum við í FSu sérstaka áherslu á EKKO forvarnir undir yfirskriftinni Jákvæður nóvember. Markmiðið er að efla það sem við viljum sjá meira af í skólasamfélaginu: jákvæð samskipti, virðingu, ábyrgð, öryggi og vellíðan. Með fjölbreyttum verkefnum og virkri þátttöku nemenda og starfsfólks vinnum við saman að því að styrkja jákvæðan skólabrag.









DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentínusson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Blaðamaður: Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir, sími 482 1944, saebjorg@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 4.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Prentun: Prentmet Oddi
Svansvottuð prentsmiðja

Gáta vikunnar

Í keppni förum eftir öll,
ansi smá með strengjum.
Spilum ólm við óp og köll,
ungum börnum tengjum.

Svar við gátu í blaði 2879: **FLEYTA**

1. Að **fleyta** einhverju eftir vatni - 2. Lítill bátur er kallaður **fleyta**
3. Hægt er að **fleyta** rjómann ofan af mjólkinni - 4. **Fleyta** sé áfram fjárhagslegs

Sunnlenski matgæðingurinn

Kjúklingaborgari

Matgæðingur vikunnar er Sigurður Örn Eiðsson.



Takk kærlega, Kristófer Logi, fyrir að skora á mig og langar mig að taka það fram að það er Sigurður Ernir en ekki Sigurður Örn. Ég er alveg búinn að vera með svaka valkvíða yfir hvað ég átti að velja en að lokum valdi ég kjúklingaborgarauppskrift sem systir mín, Eva Rún Eiðsdóttir, eldar oft.

Hráefni:
Kjúklingabringur (ca. fjórar)
Egg (ca. 2-3)
Mulið kornflex (ca. 2-3 bollar)
Salt, pipar, paprikukrydd, hvítlaukskrydd
Ef þið viljið hafa sterkt: cajun og chili-krydd
Sósa að ykkar vali
Hamborgarabrauð

Það sem mér finnst gott að gera er að skera kjúklinginn í tvennt eftir endilöngu svo úr verði tvö þunn stykki. Ég krydda hann síðan með kryddunum hér fyrir ofan. Á meðan kjúklingurinn dregur í sig kryddið græja ég eggin og kornflexið. Ég hræri 2-3 egg á djúpum diski og myl niður 2-3 bolla af kornflexi á annan disk. Síðan dýfi ég skornu kjúklingabringunum fyrst í eggin og síðan í mulda kornflexið. Þeim er svo raðað á ofnskúffu sem er með bökunarpappír í botninum.

Þegar allar bringurnar eru tilbúnar læt ég þær í ofn sem er 180°C heitur í um það bil 17 mínútur eða þar til kjúklingurinn er eldaður alveg í gegn. Síðan þegar allt er tilbúið set ég sósu að mínu vali, sem er vanalega Franks Red Hot buffalo eða BBQ-sósa, ofan á brauð og raða síðan saman borgaranum. Hver og einn setur svo það sem honum finnst gott á borgarann. Mér finnst t.d. gott að hafa kál og jalapeno.

Til að hafa þetta extra sveitt er gott að opna einn svartan dorra (svart Doritos) og glas af pepsi (upprunalega bragðið) með klökum og njóta.

En þá ætla ég að rétta honum Birgi Þór Þórmundssyni keflið og veit ég að í honum (eða mömmu hans) búa einhverjir svaka gómsætir réttir.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Við prentum ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

Pantaðu ljósmyndir í öllum algengustu ljósmyndastærðunum.

prentmet ODDI umbúðir og prentun

Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is




Hekla
Verð frá **6.990.000 kr.**
6.590.000 kr. með Orkustyrk.*
19" álfelgur og vetrardekk fylgja með til áramóta.**
Fjórhjóladrifinn
Volkswagen ID.4
*Með 400.000 kr. Orkustyrk. Nánar á uos.is. **Að verðmæti 370.000 kr.
MITSUBISHI MOTORS
8 ÁRA ÁBYRGÐ/
OUTLANDER PHEV
Vetrartilboð 9.290.000 kr.
Verð áður 10.490.000 kr.
FJÓRHJÓLADRIF MEÐ ALLT AÐ 84 KM
DRÆGNI Á RAFMAGNI (WLTP)
1.200.000 kr. afsláttur
BÍLASALA
— SELFOSS —
Hrísmýri 3 · Sími 480 4000 · www.bilasalaselfoss.is





JÓLABASAR KVENFÉLAGSINS Á EYRARBAKKA

29. nóvember kl. 14
í samkomuhúsinu Stað

Hannyrðir af fjölbreyttu tagi, leirvörur, jólaskraut, sultur, marmelaði og bakkelsi, viskustykki kvenfélagsins, sænskir þvottaklútar sérmerktir kvenfélaginu og margt fleira.

VÖFFLUR og DRYKKIR
TOMBÓLA - engin núll

Eigum góða stund saman á Stað á sunnudaginn og styðjum Kvenfélagið til góðra verka.



Basarnefndin

Frá kirkjugarðinum á Selfossi

Laugardaginn 28. nóvember
og sunnudaginn 29. nóvember nk.
verða jólaljósin kveikt í kirkjugarðinum.

Árvirkjamenn verða til aðstoðar kl. 10:00 - 16:00 laugardaginn 28. nóv. og 12:00 - 16:00 sunnudaginn 29. nóv.





Orkugjald:
Kr. 6.000,- á leiði.

Hægt er að greiða á staðnum eða í verslun Árvirkjans sem verður opin kl. 10:00 - 16:00 laugardaginn 28. nóv.

Kirkjugarðsvörður.

Gervigreind og öryggi á Tæknidegi OK á Selfossi

Fullt var út úr dyrum í Tryggvaskála á Selfossi fimmtudaginn 12. nóvember þegar OK hélt Tæknidaginn 2026 fyrir fyrirtæki og stofnanir á Suðurlandi.

Rauði þráðurinn var öryggi. „Tæknin opnar ný tækifæri, en hún gerir líka meiri kröfur um yfirsýn, undirbúning og varnir. Það gildir jafnt um stór fyrirtæki og smá, og jafnt á Suðurlandi sem annars staðar," segir Emil Einarsson, framkvæmdastjóri Notendalausna OK.

Hann segir að markmiðið með viðburðinum hafi verið að færa umræðuna um tækni nær atvinnulífinu utan höfuðborgarsvæðisins og ræða það sem skiptir stjórnendur máli. „Þar á meðal aukin áhersla á gervigreind í tölvum, hvernig fundarherbergi og fjarfundir eru að þróast og hvers vegna netið er orðið einn mikilvægasti hlekkurinn í rekstrinum."

Sérfræðingar OK héldu fjögur stutt erindi um mál sem eru ofarlega á baugi hjá mörgum fyrirtækjum og stofnunum.

Trausti Eiríksson, vörustjóri PC, fjallaði um nýja kynslóð fartölva með gervigreind. Hann fór yfir muninn á staðbundinni gervigreindarvinnslu og skýjalausnum og hvað gott er að hafa í huga við næstu tölvuendurnýjun.

Halldór Áskell Stefánsson, framkvæmdastjóri stafrænnar þjónustu, tók gervigreindina áfram og ræddi Microsoft 365. Hann lagði áherslu á góðan undirbúning áður en gervigreindarlausnir eru teknar í notkun, öryggisáskoranir og reglulegt eftirlit með umhverfinu.

Gunnar Ingi Björnsson, forstöðumaður innviðasölu, spurði hvort netbúnaðurinn sé mikilvægasti búnaðurinn. Ingólfur Andri Ágústsson, sérfræðingur hjá OK, var með honum í hluta erindisins. Þeir sýndu hvernig netið hefur þróast úr því að vera tæknilegur bakgrunnur í að verða grunnur að öruggum og samfelldum rekstri.

Kristinn Helgason, vörustjóri hljóð- og myndlausna, fór yfir möguleikana í hljóði og mynd, allt frá fjarfundum og fundarherbergjum til stærri rýma og sérsniðinna lausna.

Sameiginlegt stef erindanna var að ný tækni opnar ýmsa möguleika en nýtist best þegar grunnurinn er í lagi.

Að dagskrá lokinni tóku við veitingar og spjall þar sem gestir og starfsfólk OK ræddu áfram um efni erindanna og það sem fólk er að fást við í daglegum rekstri.

OK (Opin kerfi hf.) er íslenskt tæknifyrirtæki sem býður fyrirtækjum og stofnunum upp á tæknibúnað, hugbúnað, upplýsingatæknilausnir og þjónustu. OK er með starfsstöðvar í Reykjavík, á Sauðárkróki og á Selfossi, þar sem fyrirtækið er til húsa að Austurvegi 42.



Trausti Eiríksson, vörustjóri PC hjá OK, fjallaði um gervigreind í fartölvum.



Gunnar Zoëga, forstjóri OK, var fundarstjóri.



Ingólfur Andri Ágústsson, sérfræðingur hjá OK, og Ísold Einarsdóttir, markaðsstjóri OK.



Þórir Haraldsson ræðir við Eyþór Friðbertsson og Hermann Ólafsson.



Freyja Baldursdóttir og Kristófer Ari Te Maiharoa.

Fundur Veiðifélags Árnesinga

Veiðfiélag Árnesinga stendur fyrir fund um stöðu laxastofnsins á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár, laugardaginn 28. nóvember nk. kl. 14. Fundurinn verður haldinn í félagsheimilinu Félagslundi í Flóahreppi. Fyrirlestur heldur Guðni Guðbergsson, sviðsstjóri ferskvatnssviðs Hafrannsóknarstofnunar.

Allit sem áhuga hafa á stöðu laxastofnins á svæðinu eru hvattir til að mæta og hlusta á áhugaverðan fyrirlestur.

Veiðifélag Árnesinga



Félagslundur í Flóahreppi. Mynd: Flóahreppur.

Fjármál Hveragerðisbæjar í réttan farveg

Í ágúst var lagt fram fimm mánaða árshlutauppgjör Hveragerðisbæjar sem sýndi að afkoman var um 382 m.kr. lakari en samþykkt fjárhagsáætlun ársins gerði ráð fyrir.

Sama mynd sést í sjóðstreyminu. Eftir fyrstu fimm mánuðina var veltufé frá rekstri um 149,7 m.kr. og handbært fé frá rekstri um 194,1 m.kr. Upphafleg ársáætlun gerði hins vegar ráð fyrir 1.062,6 m.kr. veltufé frá rekstri og 1.034,7 m.kr. handbæru fé frá rekstri á árinu öllu. Tekjur og gjöld falla ekki jafnt yfir árið og því er ekki hægt að bera fimm mánuði beint saman við tólf. Munurinn sýndi þó strax að fjármunamyndun rekstrarins var langt frá þeim forsendum sem ársáætlunin byggði á.

Sterkur grunnrekstur segir ekki alla söguna

Umræða um sterkan grunnrekstur er rétt svo langt sem hún nær. En hún má ekki verða til þess að horft sé fram hjá fjármagnskostnaði, skuldabyrði og því að fjárhagsáætlunin gerði ráð fyrir mjög háum óreglulegum tekjum af uppbyggingu.

Fyrstu fimm mánuði ársins var rekstrarniðurstaða A- og B-hluta jákvæð um 131,6 m.kr. áður en fjármagnsliðir komu til. Nettó fjármagnsgjöld voru hins vegar um 327,4 m.kr. og heildarniðurstaðan varð því neikvæð um 195,8 m.kr.

Í árslok 2025 námu skuldir og skuldbindingar samstæðu um 9,63 ma.kr. Skuldaviðmið var þá 126% og skuldahlutfall 156%. Í uppfærðri útkomuspá fyrir 2026 er gert ráð fyrir að skuldir og skuldbindingar verði um 10,76 ma.kr. í árslok. Skuldaviðmið er áætlað 136,% og skuldahlutfall 166,%. Skuldastaða Hveragerðisbæjar er í öllu falli orðin mjög þung.

Grunnreksturinn getur þannig verið jákvæður á sama tíma og heildarafkoman er neikvæð. Þegar skuldir eru miklar verður að horfa á myndina í heild.

Tekjur af uppbyggingu skiluðu sér ekki eins og áætlað var

Mikilvægar forsendur fjárhagsáætlunarinnar voru meðal annars gatnagerðargjöld, byggingarréttargjöld og aðrar sambærilegar tekjur tengdar uppbyggingu. Gert hafði verið ráð fyrir um einum milljarði króna af slíkum tekjum á árinu en í lok maí höfðu aðeins um 17 m.kr. skilað sér, eða innan við 2% af þeirri fjárhæð.

Það er ekki þar með sagt að allar þessar tekjur séu tapaðar. Hluti þeirra getur færst milli ára. Þegar áætlun byggir í miklum mæli á tekjum sem eru háðar hraða uppbyggingar og stöðu fasteignamarkaðar verður svigrúmið lítið ef þær skila sér síðar en gert var ráð fyrir.

Vandinn varð því tvíþættur: tekjur sem átti að treysta á skiluðu sér ekki, en sveitarfélagið hafði þegar tekið á sig skuldbindingar sem ekki var hægt að víkja frá með sama hætti.

Skilyrði Lánasjóðs sveitarfélaga

Hveragerðisbær sótti um 600 m.kr. lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga vegna aukinnar fjármögnunarþarfar. Lánið var samþykkt, en sjóðurinn setti það skilyrði fyrir útgreiðslu að lögð yrði fram uppfærð og raunhæf þriggja ára rekstrar- og fjárfestingaáætlun. Samkvæmt upplýsingum bæjarins höfðu slík skilyrði ekki áður verið sett vegna lána til Hveragerðisbæjar.

Bæjarstjórn brást við því og samþykkti uppfærð drög 22. september. Síðar var, eftir ábendingu endurskoðanda, ákveðið að Fasteignafélag Hveragerðis ehf. tæki lánið þar sem það er ætlað til fjármögnunar framkvæmda sem eru á hendi félagsins.

Hvað er til ráða?

Í september vann bæjarstjórn sameiginlega að uppfærðri rekstrar- og fjárfestingaáætlun. Tekjuforsendur voru yfirfarnar og leiðréttar og fjárfestingar endurmetnar. Samþykkt fjárfestingaáætlun ársins 2026 var 1.299 m.kr. Ákveðið var að draga úr fyrirhuguðum fjárfestingum um 528 m.kr., en þar sem kostnaður við tiltekin verkefni hafði þegar farið um 211,4 m.kr. fram úr áætlun varð endurskoðuð fjárfestingaáætlun um 982 m.kr., eða um 317 m.kr. lægri en upphaflega.

Fjárhagsáætlanir þurfa að byggja á varfærnum tekjuforsendum og reksturinn þarf að mynda nægilegt svigrúm til að standa undir skuldum og nauðsynlegri uppbyggingu.



Það jákvæða er að bæjarstjórnin öll, þvert á flokka, hefur ákveðið að vinna saman að fjárhagsáætlun fyrir árið 2027. Viðbrögð bæjarins voru einnig rædd við Innviðaráðuneytið þegar brugðist var við aðstæðum í lok sumars og þar kom fram að inngrip og aðgerðir sveitarfélagsins væru réttar og í takt við stöðuna sem var komin upp.

Það verður viðbúið að ekki verði hægt að ráðast í öll þau verkefni sem fyrir liggja á þeim tíma sem áður var gert ráð fyrir. Um leið þarf að nýta þessa vinnu til að bæta áætlanagerð, kostnaðareftirlit og forgangsröðun framkvæmda.

Núverandi nálgun byggir á varfærni í áætlanagerð, aðhaldi og ábyrgri forgangsröðun. Með því er lagður grunnur að sterkari fjárhagsstöðu Hveragerðisbæjar og svigrúmi til áframhaldandi uppbyggingar á næstu árum. Með samhentu átaki og skynsemi er markmiðið skýrt: að snúa þróuninni við og styrkja fjárhagsstöðu bæjarins.

Hjalti Helgason, varabæjarfulltrúi D-listans í Hveragerði.

Heiðurskross og gullmerki veitt á landsþingi LH

Á Landsþingi Landssambands hestamannafélaga sem fram fór í Hveragerði 30. og 31. október sl. voru Rosemarie Brynhildur Þorleifsdóttir frá Hestamannafélaginu Smára, nú Hestamannafélaginu Jökli og Sigurður Sæmundsson úr Hestamannafélaginu Geysi sæmd heiðursviðurkenningum frá ÍSÍ. Bæði hafa þau sett sterkan svip á sögu hestaíþrótta á Íslandi, hún í reiðkennslu og æskulýðsstarfi en hann sem keppnisknapi og landsliðseinvaldur. Rosemarie var sæmd heiðurskrossi ÍSÍ, æðstu heiðursviðurkenningu íþróttahreyfingarinnar. Viðurkenningin er veitt einstaklingum fyrir frábært, ómetanlegt og langvarandi starf í þágu íþróttahreyfingarinnar á Íslandi. Sigurður var sæmdur gullmerki ÍSÍ. Það er veitt einstaklingum fyrir framúrskarandi störf, sjálfboðaliðastarf eða framlag til íslenskrar íþróttahreyfingar.

Átta einstaklingum var veitt gullmerki LH á þinginu og voru sjö þeirra af sambandssvæði HSK. Það voru þau Anna Björg Níelsdóttir Hestamannafélaginu Sleipni, Bjarni Þorkelsson Hestamannafélaginu Trausta, nú Jökli, Elísabet Sveinsdóttir Hestamannafélagini Sleipni, Halldór Guðmundsson Hestamannafélaginu Ljúf, Helga Fjóla Guðnadóttir Hestamannafélaginu Geysi, Helga Ragna Pálsdóttir Hestamannafélaginu Ljúf og Margeir Þorgeirsson Hestamannafélaginu Geysi. Öll hafa þau unnið ötullega að framgangi hestamennsku og lagt mikið af mörkum hvert á sinn hátt. Þeim voru færðar kærar þakkir fyrir sitt óeigingjarna starf í þágu hestamennskunnar og innilegar hamingjuóskir með heiðursviðurkenninguna. Á vef LH, www.lhhestar.is má lesa nánar um þá sem heiðraðir voru á þinginu.

Á þinginu fóru fram hefðbundin þingstörf og kosning stjórnar fyrir tímabilið 2026–2028. Linda Björk Gunnlaugsdóttir var endurkjörin formaður en hún hefur gegnt embættinu síðustu tvö ár. Sjálfkjörið var bæði í embætti formanns og í stjórn. Nánar má lesa um nýja stjórn LH á vef LH.



Félagar af sambandssvæði HSK sem voru heiðraðir á LH þinginu. F.v. Helga Ragna, Helga Fjóla, Elísabet, Sigurður, Rosemarie, Halldór, Bjarni, Anna Björg og Margeir.



Ofbeldi gegn konum er ekki einkamál heldur samfélagslegt ábyrgðarmál

Á hverjum degi búa konur við ógn, ofbeldi eða afleiðingar þess. Flest erum við sammála um að slíkt sé óásættanlegt, en spurningin er hvort samfélagið sé raunverulega að standa við þau loforð sem það hefur gefið um að vernda konur og bregðast við ofbeldi.

Ísland fullgilti Istanbúlsamning Evrópuráðsins og skuldbatt sig þar með til að vinna markvisst gegn ofbeldi gagnvart konum og heimilisofbeldi. Samningurinn er ekki aðeins yfirlýsing um góðan vilja heldur lagaleg skuldbinding sem kveður á um fjórar meginstoðir.

Í fyrsta lagi eru það forvarnir. Fræðsla, vitundarvakning og þjálfun fagfólks eiga að stuðla að því að uppræta skaðleg viðhorf og draga úr ofbeldi áður en það á sér stað.

Í öðru lagi er það vernd. Þolendur eiga að hafa aðgang að öflugri þjónustu, öruggu skjóli, ráðgjöf og sérhæfðri aðstoð þegar á reynir.

Í þriðja lagi er lögð áhersla á að ofbeldi hafi afleiðingar. Þegar einstaklingur beitir aðra manneskju ofbeldi á samfélagið að bregðast við með rannsókn, málsmeðferð og eftir atvikum refsingu. Markmiðið er bæði að vernda þolendur og draga úr líkum á að ofbeldið endurtaki sig.

Í fjórða lagi kveður samningurinn á um samræmda stefnu þar sem öll stjórnsýsla vinnur saman að því að koma í veg fyrir ofbeldi og að styðja við þolendur.

En hvernig stendur Ísland sig í framkvæmd? Það er ekki nóg að samþykkja samninga og setja fram góð markmið. Við verðum að spyrja okkur erfiðra spurninga. Fær fagfólk næga þjálfun? Er stuðningsþjónusta aðgengileg um allt land? Eru úrræði fyrir þolendur nægilega fjármögnuð? Hvernig er staðið að forvörnum meðal barna og ungmenna?

Baráttan gegn ofbeldi gagnvart konum er ekki verkefni sem lýkur. Hún krefst stöðugrar athygli, pólitísks vilja og fjárfestingar í öryggi og mannréttindum. Samfélag er ekki metið eftir því hvaða loforð það gefur heldur hvernig það stendur við þau.

Það er kominn tími til að við sem samfélag horfumst í augu við þá staðreynd að öryggi kvenna er ekki einkamál kvenna. Það er mælikvarði á réttlæti, virðingu og mannréttindi fyrir okkur öll.

Hvað getum við gert ?

Það er auðvelt að líta svo á að ábyrgðin liggi eingöngu hjá stjórnvöldum, lögreglu og þjónustukerfinu. En Istanbúlsamningurinn minnir okkur á að forvarnir og vitundarvakning eru sameiginlegt verkefni alls samfélagsins.

Klúbbar, félagasamtök og einstaklingar geta lagt sitt af mörkum með því að vekja athygli á merki ofbeldis, miðla fræðslu og skapa opna umræðu um jafnrétti, virðingu og heilbrigð samskipti. Með því að ræða við ungt fólk um skaðlegar staðalímyndir og áhrif þeirra á sambönd getum við lagt okkar af mörkum til að koma í veg fyrir ofbeldi áður en það á sér stað.

Félagasamtök geta t.d. átt samtal við skóla, heilsugæslu, lögreglu og annað fagfólk um mikilvægi fræðslu og þjálfunar til að greina ofbeldi og bregðast við því á réttan hátt. Fræðsla, þekking og markviss viðbrögð eru öflugustu vopn samfélagsins gegn kynbundnu ofbeldi.

Vitundarvakning er ekki tímabundið verkefni eða átak heldur stöðugt ferli. Átak getur vissulega hrundið af stað umræðu, en varanlegar breytingar verða aðeins þegar við höldum umræðunni á lofti, fylgjum eftir framvindu mála og tryggjum að fyrirheit og skuldbindingar verði að raunverulegum aðgerðum.

Öryggi kvenna og stúlkna er ekki einkamál þeirra sem verða fyrir ofbeldi. Það er ábyrgð okkar allra. Hvert samtal sem við eigum, hver fræðslustund sem við styðjum og hver rödd sem við látum heyrast getur skipt máli.

16 dagar gegn kynbundnu ofbeldi

Á hverju ári standa Soroptimistasamtök um allan heim fyrir hinu alþjóðlega 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi, sem stendur frá 25. nóvember, alþjóðlegum degi Sameinuðu þjóðanna gegn ofbeldi á konum, til 10. desember, alþjóðlegs mannréttindadags. Markmið átaksins er að vekja athygli á umfangi ofbeldis gegn konum og stúlkum, hvetja til samfélagslegrar umræðu og kalla eftir aðgerðum.

Með þátttöku í átakinu minna Soroptimistar á að ofbeldi gegn konum er ekki einkamál heldur



mannréttinda- og samfélagslegt málefni. Á þessum 16 dögum eru einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir hvött til að sýna samstöðu, dreifa fræðslu og ræða hvernig hvert og eitt okkar getur lagt sitt af mörkum til að skapa öruggara samfélag.

16 daga átakið er mikilvægt tæki til vitundarvakningar en það er jafnframt áminning um að baráttan gegn ofbeldi stendur allt árið um kring. Með því að taka þátt í samtalinu, hlusta á reynslu þolenda og styðja við forvarnir og úrræði getum við öll verið hluti af lausninni.

Nú þegar 16 daga átak Soroptimista gegn kynbundnu ofbeldi gengur í garð er ástæða til að staldra við og spyrja okkur hvernig við getum hvert og eitt lagt okkar af mörkum. Það er ábyrgð okkar allra. Hvert samtal sem við eigum, hver fræðslustund sem við styðjum og hver rödd sem við látum heyrast getur skipt máli. Með samstöðu, þekkingu og vilja til aðgerða getum við byggt samfélag þar sem ofbeldi fær ekki þrifist og mannréttindi allra eru virt.

Fanney Björg Karlsdóttir
Verkefnastjóri Soroptimistaklúbbi Suðurlands



Ljóð vikunnar

SÍÐDEGIS Í OKTÓBER

Sólin skín: beygja á veginum
leiðir okkur inn að miðju
jarðar og minninga.
Jörðin virðist gróðursnauð og koparlituð
og minningarnar óljósar eins og sumar
hikandi tilfinningasveiflur
huldar í loftinu.
Þögninni fylgir stundum
eirðarlaust tíst
kólibrís í fjarska
inni í mistri
hvítra skýja.
Ég hugsa mér torráðna,
veru í kjarrinu,
hún hreyfist hvíldarlaust
af ótta við einveru
undir oki minninga
um fordæmingu,
skipbrot,
óminni.
Hjartað slær með naumindum
milli greina granateplatrjánna,
sem bera rauðan ávöxt
á sólstöðum.

SALOMÉ MOLTO, SPÁNI

Þór Stefánsson þýddi eftir enskri þýðingu Germains Droogenbroodt ogStanleys Barkan

Puressentiel
PURE HEAT®
Roll-on
Hjálpar til við að milda vöðvaverki og spennu þökk sé 14 ilmkjarnaolíum með LANGVARANDI HITAÁHRIFUM.
Án auka- og rotvarnarefna.
ROLL-ON RÚLLA
SEM NUDDAR SVÆÐIÐ UM LEIÐ
OG BORIÐ ER Á
APÓTEK SUÐURLANDS



Austurvegi 24-26 • sími: 482 1182 • Opið: mán. - fös.: 9:00-18:00 - lau. 10:00-16:00

Tómas Rasmus minning

Tómas Rasmus er dáinn og horfinn inn í óravíddir Guðsríkis. Á kveðjustund er margs að minnast frá lífsins glöðu dögum, því eitt fylgdi lífsgöngu Tomma, margar óviðjafnanlegar stundir þar sem gleðin var við völd. Vinátta okkar og samstarf hófst þegar þau Hlíf bjuggu á Eyrarbakka. Tómas var kennari í merkingu þess besta hann var barnakennari en lífskúnstner sem á svo mörgum sviðum gaf samferða-fólki ómældar gleðistundir í leik og starfi. Það var um þær mundir sem að ég var að hella mér í pólitíkina að Tommi hafði um sig mikinn vinahóp á Eyrarbakka og bauð sig fram fyrir Framsóknarflokkinn til hreppsnefndarinnar í þessu gamla skólaþorpi. Aldrei gleymi ég atburðum og uppá komum í kosningabaráttunni því þetta var nýtt og öflugt framboð. Framsóknarflokkurinn hafði ekki boðið fram til hrepps-nefndarinnar á Eyrarbakka í ein þrjátíu ár, þar var ríki krata og sjálfstæðis-manna. Framboðsfundurinn var skrautlegur og ég sótti fundinn mér til mikillar skemmtunar. Tommi sat glaðbeittur með sína sveit og nú hófust átökin alveg ógleymanleg. Sigurjón Einarsson fangavörður harðskeyttur og skemmti-legur orðsins maður skammaði mína menn, brimskaflarnir gengu yfir Tomma og félaga. Sigurjón sagði Eyrbekkingum að framsóknarmenn hefðu skriðið í holur sínar á Eyrarbakka fyrir einum þrjátíu árum og þeir ættu ekki að láta sjá sig á Bakkanum. Þetta er flokkurinn sem lagði Eyrarbakka hinn gamla höfuðstað í rúst. Hefði rifið Lefolíverslunarhúsin, flutt þau í Þorlálshöfn og byggt upp Meitilinn. Þið sjáið verk þessa flokks bætti hann við ef þið horfið til Þorlákshafnar og sjáið uppbygginguna þar og lítið svo uppá Selfoss öll ljósin og uppbygginguna þar. Það er bara fang-elsið á Litla-Hrauni ,,Letigarðurinn," sem eftir stendur hér. Farið heim til ykkar framsóknarmenn sagði Sigurjón í óviðjafnanlegri ræðu. Gleymi aldrei hvað Tommi brosti og varðist fimlega eins og besti trúboði. Tómas var mikill skákmaður og hvar sem hann varð kennari, var skákin kennd í skólunum. ,,Kosturinn krakkar mínir við skákina er sá að maður verður alltaf að leika næsta leik en í reikningi er hægt að gefast upp það gerir skákmaðurinn ekki," sagði hann. Hann hlaut þau einstöku þakklætisverðlaun þegar Skáksamband Íslands afhenti honum fyrstu heiðursverðlaun FIDE fyrir framlag hans til skólaskákar á Íslandi. Og það gerði hún Jóhanna Björg Jóhannsdóttir nemandi hans og núverandi formaður Skáksambnds Íslands.

Á hverju hausti héldum við Margrét skákmót heima í Dælengi á Selfossi, keppt var um Hvíta-Riddarann þar var Tommi einn af tólf gestum okkar í mörg haust. Og hæst risu þessi skákmót þegar Friðrik Ólafsson undrabarnið sjálft var gestur okkar. Og mesta undrun vakti þegar ég náði jafntefli við Friðrik. Þetta hlaut að vera kurteisi við gestgjafann, sögðu karlarnir. Nei sagði Tommi, Friðrik Ólafsson gefur engum neitt við skákborðið, þessi orð Tomma eru minn stórmeistaratitill.

Ég frétti að stutt en snörp banalega Tomma hefði gefið af sér margar minningar. En á líknardeildinni var með honum hinn landsfrægi Sæmi Rokk bjargvættur Fischers og einkavinur. Þeir Tommi gáfu hvor öðrum styrk, einn daginn sagði Tómas ég ætla að fara á undan þér Sæmi minn og hitta Bobby Fischer og svo tökum við á móti þér." Ég þakka allt gamalt og gott kæri vinur. Þú gerðir grasið grænna og götuna bjartari. Bjartsýnismanninum líður miklu betur en þeim sem í myrkri ganga. Farðu vel bróðir og vinur. Svo er Tómasarsaga.

Guðni Ágústsson

Bækur og blóm

Fimmtudaginn 26. nóvember efna Harpa Rún Kristjánsdóttir skáldbóndi, Auður Önnu Magnúsdóttir og Steinunn Sigurðardóttir skáld og hálfur Selfyssingur til upplestrar í Blómaborg Hveragerði sem hefst klukkan 16.30. Skáldsysturnar tala saman um nýútkomnar bækur sínar. Harpa Rún les úr SKEPNUFÓLK, Auður úr smásagnasafninu MÆÐRUN og Steinunn úr sögu sem hefur titilinn VEISLA ÞRJÚ.

Harpa Rún gefur hér út aðra skáldsögu sína, en hún hefur einnig skrifað leikrit, ljóð og sitthvað fleira. Enn spjallar hún um bændur, að þessu sinni fólk á miðjum aldri í ótilgreindri sveit sem tekst á við þær verstu búmannsraunir sem steðjað geta að - jafnframt því að vera manneskjur. Skepnufólk er fólk sem elskar skepnurnar sínar og skepnuna í sjálfu sér.

Mæðrun er frumraun Auðar en enginn byrjendabragur á. Sögurnar eru innbyrðis ólíkar, og spanna allan skalann, frá drepfyndu til átakanlegs. Og fjalla um hið mikilvæga móðurhlutverk á einkar frumlegan hátt.

Veisla þrjú er fimmtánda skáldsaga Steinunnar, en sú fyrsta, Tímaþjófurinn, kom út 1986. Veisla þrjú er sjálfstætt framhald af verðlaunasögunni BÓL sem kom út 2023. LínLín, söguhetjan, stendur frammi fyrir því að lifa, eftir að hafa mistekist að deyja. Nú fagnar hún nýju lífi sem er henni að óvörum fullt af gleði og ást og hlátri.

Það er yndisleg stemning í Blómaborg, og verður heitt á könnunni meðan skáldsysturnar láta jólaljós sitt skína.



VIÐ ÓSKUM EFTIR

BLAÐAMANNI

Blaðamaður óskast í hlutastarf eða verktakastarf við Dagskrána, fréttablað Suðurlands

Umsækjandi þarf að vera drífandi, jákvæður, forvitinn og hugmyndaríkur og óhræddur við að takast á við margvísleg og spennandi verkefni sem fylgja starfi blaðamanns. Við hvetjum sérstaklega verktaka með reynslu og gott auga fyrir fréttum til að sækja um.

Helstu verkefni: Frétta- og efnigerð fyrir Dagskrána og DFS.is, Dreifing Dagkskrárinnar í verslanir á Selfossi og nærumhverfi, auglýsingaöflun og önnur tilfallandi verkefni.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun eða reynsla sem nýtist í starfi
- Hafa brennandi áhuga á blaðamannastörfum og gott fréttanef
- Gott vald á ljósmyndun (myndbandagerð er kostur)
- Góð tölvu- og tækniþekking
- Framúrskarandi færni í íslensku og gott vald á ensku
- Góð skipulagshæfni

Starfshlutfall eftir samkomulagi.
Sveigjanlegur vinnutími í boði fyrir réttan aðila.

Umsóknarfrestur er til 1. desember nk.

Nánari upplýsingar um starfið veita framkvæmdastjóri mannauðsmála í **isi@prentmetoddi.is**, s. **8 560 601** og útibústjórinn Prentmets Odda á Selfossi þ.e. **brv@prentmetoddi.is**, s. **8 560 656**.

Vinsamlegast sækið um starfið á alfred.is.

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS · prentmet ODDI heildarlausnir í prentun



Prentmet Oddi á Selfossi rekur Dagskrána, fréttablað Suðurlands. Dagskráin er prentuð í 5200 eintökum og er dreifð á alla helstu þjónustustaði á Suðurlandi, ásamt því að fara í blaðakassa á Selfossi, í Hveragerði, Þorlákshöfn, Stokkseyri og Eyrabakka. Fréttavefurinn DFS.is er rekinn samhliða blaðinu. Á miðlunum okkar er að finna fréttir og umfjallanir af sunnlensku mannlífi.

FUNDIR

Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mánudaga kl. 11-14
Opið hús

Þriðjudagar kl. 11-13
Upprekjur

Þriðjudagar kl. 14:-16
Unga fólkið

Miðvikudagar kl. 11-14
Opið hús

Fimmtudagar lokað
Viðburðir auglýstir sérstaklega á Brossíðunni

Föstudagar kl. 11-13
Opið hús

Fyrsta þriðjudag í mánuði Karlahópurinn Smárarnir kl. 18

Eyravegur 31, Selfossi

Sími 482 1022 og 788 0300
arnessysla@krabb.is
krabbameinsfelagarnessyslu.net

Facbook: Krabbameinsfélag Árnessýslu/Brosið/Smáranir

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir - einn dagur í einu, alla laugardaga. Nýliðafundur hefst 9:30 og Al-Anon fundur strax að honum loknum klukkan 10:00.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl. 20:00. Fundur kl. 20:30.

AA
Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi
Polskie mitingi aa grupa krokus. Poniedzialek i czwartek i sobota godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30. Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn
Mánudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, neðri hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

AA fundir í Hveragerði í húsi Rauða krossins. Mánamörk 1
Mánudaga Kl.18 - Konur
Fimmtudaga Kl.18 - Sporafundur - Konur

FUNDIR

Al-Anon netfundir
á Zoom laugardaga, þriðjudaga og kvennafundur fimmtudaga
Nánar á a-anon.is

ÓSKAST

Gömul Pókemon spil óskast
Er enn til mappa eða kassi af spilum sem safna ryki? Kaupi spil. S.616-2224

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S: 662-1122

Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

Fjárheimar ehf.
Eyravegi 37, 2h - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is
Bókhald - ráðgjöf skattskil
Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki
Persónuleg þjónusta

FÉLAGSSTÖRF

FÉLAG ELDRI BORGARA FEB SELFOSSI

SKRIFSTOFA FEBSEL
Opin fimmtudaginn 26. nóv. kl. 13:00-14:30

OPIÐ HÚS
Fim. 26. nóv. kl. 14:45-16:00

NÝ ÖLFUSÁRBRÚ
Höskuldur Tryggvason

Kaffi 300 kr.
kaffi og rjómavöfflur 1300 kr.

OPIÐ HÚS
Fim. 3. des. kl. 14:45-16:00

AÐVENTUHÁTÍÐ
í grænumörk

KIRKJUR

Eyvindartunga við Laugarvatn
Aðventukvöld kl. 17 á bóndabænum góða í Eyvindartungu. Tökum á móti aðventunni með fallegum safnaðarsöng undir stjórn Jóns Bjarnasonar og annarra snillinga. Fyrsta ljósið tendrað á aðventukransinum. Ræðumaður dagsins er Þorkell Snæbjörnsson læknir og Laugvetningur, og sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir leiðir stundina. Kaffisopi og léttar veitingar á eftir. Innilega velkomin.

Skálholtsdómkirkja
Messa fyrir alla aldurshópa á fyrsta sunnudegi í aðventu kl. 11. Fyrsta ljósið á aðventukransinum tendrað af yngstu kynslóð söknarinnar og fallegir aðventusálmar sungnir undir stjórn Jóns Bjarnasonar. Sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir þjónar og prédikar. Barnaborðið er ávallt á sínum stað og kaffisopi á eftir. Innilega velkomin að ganga inn í aðventuna í góðu samfélagi.

Þorlákskirkja
Aðventuhátíð í Þorlákskirkju kl. 16
Fermingarbörnin tendra bænaljós
Hátíðarræðu flytur Guðlaug Einarsdóttir skólastjóri grunnskólans
Mikill söngur og tónlist sem hæfir tilefninu:
Kór Þorláks- og Hjallasóknar syngur undir stjórn Esterar Ólafsdóttur organista
Barnakór grunnskólans syngur, stjórnandi kórsins er Arna Dögg Sturludóttir
Lúðrasveit tónlistarskólans leikur, stjórnandi er Gestur Áskelsson
Söngfélag Þorlákshafnar syngur, stjórnandi er Örlygur Benediktsson

Hjartanlega velkomin,
sóknarnefnd og sóknarprestur

Hveragerðiskirkja
Sunnudagurinn 29. nóvember kl. 20:00 – Aðventukvöld í Hveragerðiskirkju
Árlegt aðventukvöld þar sem Kirkjukór Hveragerðis- og Kotstrandarsókna, Hverafuglar, kór Félags eldri borgara í Hveragerði og Guðný Guðmundsdóttir einsöngvari koma fram. Miklós Dalmay heldur utan um tónlistina. Sigríður Hjálmarsdóttir, menningar-, atvinnu- og markaðsfulltrúi Hveragerðisbæjar, flytur hugvekju, og skátarnir koma með friðarljósið frá Betlehem. Séra Salvar Geir Guðgeirsson þjónar fyrir altari.

Selfosskirkja
Aðventusamvera kl. 17.00
Kórar Selfosskirkju sjá um að koma okkur í aðventustemmingu.
Stjórnandi Edit A. Molnár.
Prestur Arnaldur Bárðarson.
Ræðumaður Valdimar Bragason.
Verið velkomin í góða söngstund og uppbyggilega samveru í kirkjunni.

Hraungerðiskirkja
Aðventukvöld kl. 20:00 Kór kirkjunnar leiðir söng.
Stjórnandi Hrafnkell Karlsson.
Prestur Arnaldur Bárðarson.
Aðventuhugleiðing og mikill söngur. Verið öll velkomin.

Það mun aldrei verða sátt um náttúru- og innviðagjaldið í núverandi mynd



18. nóvember sl. var haldinn fundur þar sem að ferðaþjónustan og atvinnulífið í Uppsveitum Árnesssýslu hafði boðað þingmenn kjördæmisins á ásamt fulltrúum úr atvinnuveganefnd og fjárlaganefnd. Á annað hundrað manns mættu á fundinn og mikill hiti var í fundarmönnum.

Þingmenn stjórnarmeirihlutans fengu krefjandi spurningar og beindist hiti fundarfólks sér í lagi að þeim. Var óskað eftir skýrum svörum hvers vegna verið væri að leggja náttúru og innviðaskatt aðeins á í einu sveitarfélagi á landinu, Bláskógabyggð og einnig var óskað eftir skýrum svörum frá alþingismönnum af hverju væri ekki búið að gera áhrifamat á þessa skattlagningu áður en málið væri lagt fyrir alþingi.

Fram kom í máli fulltrúa Sjálfstæðisflokks, Framsóknar og Miðflokks að þeir styddu það að stjórnvöld létu vinna slíkt mat en fulltrúar Viðreisnar, Flokks fólksins og Samfylkingar töldu að ekki þyrfti slík gögn heldur væri málið faglega unnið hjá ráðherra og ríkisstjórn. Vakti þetta mikla undrun fundarmanna að þessir aðilar teldu málið vera faglega unnið þegar ekki væri búið að meta hvaða áhrif það hefði að hækka skatta á þessu svæði, eina svæðinu á landinu þar sem leggja á á viðkomandi skatt.

Knútur Ármann eigandi Friðheima fór vel yfir þau áhrif sem lagasetning þessi gæti haft á rekstur fyrirtækja á Gullna hringnum, samdrátt í tekjum, hagræðingu og mögulegar uppsagnir. Sagði Knútur að “Aldrei yrði sátt um þessa útfærslu” sem hefði verið kynnt í frumvarpinu. Enda ósanngjörn atlaga að atvinnulífi sveitarinnar sem vekur spurningar um jafnræði og samkeppnisstöðu fyrirtækja í ferðaþjónustu.

Þar sem einungis einn þingmaður stjórnar meirihlutans úr kjördæminu mætti var Sandra Sigurðardóttir þingmaður Viðreisnar spurð að því af fundarmönnum hvort hún myndi ætla að styðja fólkið í kjördæminu og ferðaþjónustu fyrirtækin eða fara eftir þeirri línu sem að ríkisstjórnin væri búin að leggja henni. Svaraði Sandra því til að hún myndi greiða atkvæði með frumvarpinu eins og það kæmi fyrir. Vakti svar hennar mikinn kurr í hópnum og á samtölum fundarmanna eftir fundinn mátti skynja mikil vonbrigði með afstöðu þingmanns kjördæmisins sem auðsjáanlega ætlar ekki að standa með fyrirtækjum og fólki á svæðinu.

Ljóst var á svörum að fulltrúar minnihlutans á þingi muni ætla að standa þétt við bakið á ferðaþjónustunni en minni stuðning mátti finna fyrir hjá fulltrúum ríkisstjórnarinnar sem vitnuðu sífellt í greinargerðir og héldu því fram að skattlagning upp á 6-7 milljarða á ári á eitt sveitarfélag, Bláskógabyggð myndi ekki hafa áhrif á komur ferðamanna á svæðið.

KIRKJUR

Hvítasunnukirkjan Selfossi
Austurvegi 40b
Samkomur á sunnudögum kl.11:00
English translation available.
Bæn og lestur á miðvikudögum kl. 17
Unglingasamkomur á fimmtudögum kl. 20:00
Allir innilega velkomnir.

Kirkja hins helga kross
við Móaveg Selfossi
Fyrsti sd. í aðventu 29. nóv.
Messa kl. 9 á pólsku og 11 á íslensku.
Allir eru velkomnir

Hrunakirkja
Aðventukvöld á fyrsta sd. í aðventu, 29. nóv. kl. 20.
Ræðumaður er Þorsteinn Pálsson fv. forsætisráðherra.
Kirkjukórinn syngur undir sjórn Eyrúnar Jónasdóttur organista. Fermingarbörn lesa og Kaisu Hynninen segir frá finnskum jólum. Kaffi á eftir í safnaðarheimili. Verið öll velkomin!

Félagsheimilið Árnes
Aðventuhátíð á fyrsta sd. í aðventu 29. nóv. kl. 15. Nemendur úr Þjórsárskóla syngja og leika. Ræðu flytur Anna Greta Ólafsdóttir, leikskólastjóri Leikholts. Kirkjukórinn syngur undir stjórn Þorbjargar Jóhannsdóttur organista. Fermingarbörn lesa. Kaffiveitingar í boði sóknanna á eftir. Verið öll velkomin!

Þórir Jónsson - Minning

Veturinn 1973 sýndi Leikfélag Reykjavíkur rokkóperuna Jésús Kristur í Austurbæjarbíói, stórkostleg sýning. Við nemendur í Gagnfræðaskólanum á Selfossi fengum leyfi hjá Óla Guðbjarts skólastjóra til fara á sýninguna, það þurfti 2 rútur frá Sérleyfinu og auðvitað var Þórir mættur á X-872. Veðrið var vont, skafrenningur og rok. Þegar við komum að Kaffistofunni var ljósblár Mustang (alvöru sportbíll og draumur töffara) fastur í skafli og lokaði veginum. Við þurftum að fara út og ýta, en bílstjórinn var enginn annar en Labbi í Mánum. Labbi og Gummi Ben léku báðir í sýningunni, Gummi sjálfan Jesú en Labbi Pétur postula, mögnuð sýning.

Um vorið fórum við í skólaferðalag til Ólafsvíkur, Þórir keyrði okkur auðvitað. Pompidou Frakklandsforseti og Nixon funduðu á sama tíma á Kjarvalsstöðum. Það var björt sumarnótt og Nixon var heillaður af birtunni og ákvað að fara í göngutúr niður í bæ, í fylgd lífvarða og Tomma löggu (sem var fulltrúi íslenskra yfirvalda). Því miður var Tommi aldrei þessu vant ekki með myndavélina á sér, þá hefði hann náð mögnuðum myndum (og sennilega selt Ameríkönum fyrir stórfé). Fyrir vestan áttum við skólafélagarnir að fara að sofa á kristilegum tíma, en björt sumarnóttin heillaði okkur og við stálumst út. Það var lítið sofið þá nótt.



Þórir byrjar að keyra rútur hjá Jóni og Snorra 1972 og var þá ævistarfið markað. Um áramótin 1975/76 kaupa þeir Þórir, Steinn Hermann og Einar Valdimarsson Sérleyfisbíla Selfoss af þeim Jóni Halldórssyni og Snorra Þorsteinssyni og nefndu fyrirtækið síðar SBS. Fljótlega voru rúturnar málaðar í rauða og hvíta litnum sem við þekkjum í dag á X-874. Þeir félagar lögðu áherslu á snyrti mennsku, rúturnar voru snyrtilegar og í góðu lagi. Fljótlega er áætlunarferðum fjölgað til Reykjavíkur og á sumrin bættist við akstur ferðamanna. Nefna má að verkalýðsfélagið Bjarmi á Stokkseyri bauð félagsmönnum í sumarferðir um langt árabil. SBS sameinast Austurleið 1999 og svo Kynnisferðum 2004

Þeir Þórir, Steinn og Einar skiptu með sér ákv. verkum innan fyrirtækisins og Þórir sá um afgreiðsluna við Tryggvaskála sem var nefnd Árnesti og svo í hótelinu þegar það opnar 1986. Þórir var léttur og kátur stjórnandi, átti sínar gæðastundir á kaffistofunni þar sem skemmtisögur réðu ríkjum í bland við góðlátlegar eftir hermur. Flestar rúturnar voru í númeraseríunni X 871, o.s.frv., en X-14 og X-116 voru sér. Þessa sögu þarf að skrá.

Í viðtali við Sigurð Boga blaðamann á Mbl í tilefni af 45 ára starfsafmæli (2017) eru ferðirnar yfir Hellisheiði sagðar óteljandi og yfir Sprengisand nokkur hundruð á 17 árum. Ég fór með Þóri nokkrar ferðir yfir Sprengisand, við lögðum af stað um 4.30 frá Selfossi og vorum komnir í Landmannalaugar upp úr kl 7 og þá var byrjað að lesta bílinn. Brottför var kl 8 og fyrsta stopp í Hrauneyjum. Á Mývatn var komið um kl 19.30 eða nær kl 20, langir dagar hjá Þóri.

Þórir eignast sinn fyrsta bíl 17 ára, Simca, franskur bíll. Við ÞJ fundum myndir af Simcunni á netinu, held að Simca ÞJ hafi verið hvít. Simcan var 6 manna bíll með bekk frammí og bíll Þóris var líka með plötuspilara (unga fólkið áttar sig líklega ekki á því hvað ég meina!). Þórir var alla tíð bíladellukall, Mazdan var í uppáhaldi hjá honum. Hann flutti inn bíl frá USA og bauð mér keyra prufutúr niður á Eyrarbakka. Við brunuðum af stað og mér fannst ég finna mikið fyrir hraðanum, var kominn á 80 þegar ég fattaði að Ameríkutýpan er auðvitað með mílumæli. Þórir hló að mér, grikkurinn tókst.



Póstbíllinn kemur á Selfoss. Þessa mynd teiknaði Óli Th eftir ljósmynd frá Þóri sem tekin var 1973. Þórir fékk þessa teikningu í afmælisgjöf á 50 ára afmælinu frá okkur samstarfsfélögum. Fremst sitja tveir höfðingjar frá ströndinni (með hatt) en þeir voru örlítið við skál, eins og stundum kom fyrir þegar menn voru að koma úr kaupstað. Þórir hélt uppá myndina og þegar hann flutti á Móberg var myndin það fyrsta sem hann setti í herbergið sitt.

Þórir flutti inná Móberg í sumarbyrjun. Hann hringdi strax í mig og bauð mér í heimsókn. Myndin góða af X-872 var auðvitað komin upp. Svo þurftum við að fara í bankann og í kaffi til Almars bakara en Almars bakarí var í miklu uppáhaldi hjá Þóri.

Síðasta ferð okkar á X-874 var austur að Skógum 29. ágúst með nokkrum félögum þar sem við skoðuðum L-500 á safninu. Þá var Þórir lélegur að ganga en skemmti sér vel.

Þórir passaði alltaf að bílar sínir væru hreinir og snyrtilegir. Þegar þvottastöðin Glans opnaði við Olís var Þórir einn af þeim fyrstu sem nýtti þessa þjónustu. Hann vildi kenna mér á stöðina og hvað þyrfti að passa þegar ekið var ínní þvottasalinn. Ég skildi betur varnaðarorð hans (alls ekki að flýta sér!!) þegar Guðbjörg prestur í minningarorðum sínum, lýsti hrakförum Þóris þegar hann eitt sinn gleymdi að loka glugganum á framhurðinni áður en hann ók inn í þvottastöðina.

Þórir var jarðsunginn að viðstöddu fjölmenni mánudaginn 16. nóvember í Selfosskirkju. Félagar úr Karlkór Selfoss sungu, magnaðir söngmenn í kórnum.

Það var gott að eiga Þóri sem vin og vinnufélaga. Minningin er kær.

Kristinn M. Bárðarson





Steinn H. Sigurðsson, Þórir Jónsson og Einar Valdimarsson, eigendur SBS. Mynd: DV/SIS

Gefðu persónulegar jólagjafir

honnun.prentmetoddi.is

Inni á hönnunarvefnum okkar getur þú t.d. útbúið **kort**, **dagatöl**, **myndabækur** og pantað **ljósmyndir**

prentmet ODDI umbúðir og prentun

Umbúðir Almenn prentun Límmiðar Bækur Stimplar Bréfpokar

SENDUM HVERT Á LAND SEM ER



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

2880 Fimmtudagur 26. nóvember 2026

PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta
Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn
Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

FÁÐU TILBOÐ Í ÞINN PALL
899 0979 ÖRN
848 0964 GÍSLI
WWW.SOLPALLUR.IS
SÓLPALLUR
Fagmennska · Gæði · Áreiðanleiki



Fæst hjá
BYKO Selfossi

Stífluþjónusta Sævars Selfossi
Sími: 861 1919
stifla.selfoss@gmail.com
YFIR 20 ÁRA REYNSLA
Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.



Bílverk BÁ
Þar sem fagmennirnir vinna
Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

LAGNALAND

ÁREIÐANLEGIR PÍPULAGNINGAVERKTAKAR
Sími 769 0001 (Halli) - 800 Selfossi
lagnaland@lagnaland.is
LAGNALAND EHF.

VERKSÝN
Vel og vandlega
• ÁSTANDSSKOÐANIR
• FRAMKVÆMDAEFTIRLIT
• INNIVIST
• BETRI YFIRSÝN
• MINNI ÓVISSA
Verksyn.is • verksyn@verksyn.is
Þorlákshöfn • Reykjavík

800 LAGNIR
ALHLIÐA PÍPULAGNINGA VERKTAKAR
Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

STÍFLULOSUN SUÐURLANDS
VIÐ ELSKUM STÍFLUR!
DÆLUBÍLAÞJÓNUSTA
OG STÍFLULOSANIR

510 1180 - 669 8441
Hellismýri 14 800 Selfoss stiflulosun.is

GB Hús
NÝSMÍÐI | VIÐHALD | PALLASMÍÐI
ÖLL ALMENN SMÍÐAVINNA
Löggiltir húsasmíðameistarar
848 0964 GÍSLI
899 0979 ÖRN
GBHUS@GBHUS.IS

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is


Píplulagnir Júlla
Persónuleg þjónusta
Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir
Sími 772 1456 - ornja@btnet.is - www.pipulagnirjulla.is

LÁTTU FAGMENN SJÁ UM VERKIÐ ÞITT


800SMIDI@GMAIL.COM
FÁÐU FRÍTT VERÐTILBOÐ Í ÞITT VERK

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími


Endurmenntun atvinnubílstjóra
Akstursþjálfun - Meirapróf
okuland.is
ÖKULAND

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir
Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir, okkar lausnir
Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is

Sprettur
ÁBURÐUR
Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is